Innri endurskoðun og ráðgjöf

Reykjavík, 27. október 2026
IER26100010
IÓ/KHV

Borgarráð

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa um eftirfylgni með ábendingum IER

Vísað er til fyrirspurnar áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands, sem lögð var fram í borgarráði 22. október 2026, þar sem óskað er upplýsinga um hver fylgi eftir ábendingum sem settar eru fram í skýrslum Innri endurskoðunar og ráðgjafar Reykjavíkurborgar (IER).

IER vinnur samkvæmt innri endurskoðunaráætlun 2026-2028 sem samþykkt var af endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar (ESKN) og kynnt borgarráði í febrúar 2026. Áætlunin tekur bæði til vals á viðfangsefni úttekta og eftirfylgni með ábendingum úr fyrri úttektum. Við framkvæmd úttektar eru skýrsludrög send viðkomandi stjórnendum til umsagnar og er óskað eftir viðbrögðum við ábendingum og fyrirhugaðar úrbætur og tímaáætlun þeirra. IER fylgir eftir ábendingunum í skýrslunni og eru niðurstöður teknar saman í skýrslu og kynntar ESKN og eftir atvikum viðkomandi fagráði. Stjórnendur fá jafnframt lokaskýrsluna. Ef úrbætur eru enn í vinnslu eða ekki hafnar er ábendingunum að jafnaði fylgt eftir að nýju.

Í lok starfsársins 2025-2026 var 191 ábending úr skýrslum IER vegna A hluta Reykjavíkurborgar skráðar opnar í upplýsingakerfi IER, sbr. viðauka. Þar af voru 65 flokkaðar með litla áhættu, 48 með nokkra áhættu og 10 með mikla áhættu. Þá voru 68 skráðar sem tillögur/óflokkaðar, m.a. úr stjórnsýsluúttektum, en þær eru ekki áhættuflokkaðar samkvæmt áhættuflokkun IER. Ábendingu er ekki lokað í upplýsingakerfi IER fyrr en staðfest hefur verið með eftirfylgni IER að úrbótum sé lokið eða að ábendingin eigi ekki lengur við.

Unnið er að endurskoðun á fyrirkomulagi eftirfylgni með ábendingum IER með það að markmiði að gera ferlið markvissara og skilvirkara. Í þeirri vinnu er m.a. horft til þess hvernig bæta megi yfirsýn og upplýsingagjöf um stöðu ábendinga og úrbóta til ESKN, ráða borgarinnar, yfirstjórnar og stjórnenda. Markviss upplýsingagjöf er mikilvæg til að yfirstjórn geti fylgt framkvæmd úrbóta eftir og ráð borgarinnar sinnt eftirlitshlutverki sínu. Hlutverk IER er að fylgja ábendingum eftir og miðla niðurstöðum eftirfylgninnar til viðeigandi aðila.

Virðingarfyllst,

Ingunn Ólafsdóttir
Innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar

Hjálagt:
Viðauki, bls. 2

Innri endurskoðun og ráðgjöf
Guðrúnartúni 1 | 105 Reykjavík
innriendurskodun.is
innriendurskodun@reykjavik.is

Viðauki

Tafla 6 er úr starfsskýrslu IER fyrir starfsárið 2025-2026 og sýnir stöðu opinna ábendinga í upplýsingakerfi IER vegna A-hluta Reykjavíkurborgar. Staðan miðast við 1. júlí 2026. Langflestar ábendinganna voru settar fram í skýrslum frá árinu 2020 eða síðar.

TAFLA 6. STAÐA OPINNA ÁBENDINGA Í A HLUTA EFTIR EININGU OG ÁHÆTTUFLOKK

A Hluti	Tillaga / óflokkað	Lítil áhætta	Nokkur áhætta	Mikil áhætta	Samtals
Fjármála- og áhættustýringarsvið	7	9	13	3	32
Menningar- og íþróttasvið		8	8		16
Mannauðs- og starfsumhverfissvið		3	2	3	8
Skrifst. borgarstjóra og borgarritara	1				1
Skóla- og frístundasvið		14	10	1	25
Umhverfis- og skipulagssvið	59	13	12	3	87
Velferðarsvið		17	1		18
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	1	1	2		4
Samtals A hluti	68	65	48	10	191